Leikskólinn Gefnarborg

Námskrá

Efnisyfirlit

Velkomin í Gefnarborg *1*

Gefnarborg 1

Fræðsluráð Suðurnesjabæjar 2

Að byrja í leikskóla *2*

Aðlögun 2

Hagnýtar upplýsingar *3*

Dvalartími 3

Opnunartími og mætingar 3

Karellen 3

Dvalargjöld 3

Fatnaður 4

Óskilamunir 4

Lögregla og brunavarnir 4

Frídagar 4

Slys og veikindi 4

Lyfjagjöf 4

Áföll 5

Vettvangsferðir 5

Samstarfs leikskóla og heimilis *5*

Dagleg samskipti 5

Upplýsingar 5

Foreldrasamtöl 5

Foreldrafélag 6

Foreldraráð 6

Leikskólastarfið *6*

Markmið Gefnarborgar 6

Grunnþættir menntunar *7*

Læsi 7

Íslenskukennsla fyrir börn sem eiga fleiri en eitt móðurmál 7

Sjálfbærni 8

Heilbrigði og velferð 8

Lýðræði og mannréttindi 9

Jafnrétti 9

Sköpun 9

Daglegt líf í leikskólanum *10*
Dagskipulag **10**
Kátakot og Sælukot 10
Vinakot og Hálsakot 10
Frjáls leikur **10**
Hlutverk leikskólakennara og annars starfsfólks í leik barnanna 10
Samverustundir **11**
Hvíld og svefn **11**
Viðvera barnsins í leikskólanum **11**
Matmálstímar **11**
Elstu börnin **11**
Samstarf Gefnarborgar og Gerðaskóla **11**
Mat á leikskólastarfi *12*
Innra mat í leikskóla **12**
Ytra mat í leikskóla **12**
Mat á stöðu leikskólabarna **12**
Starfsmannahópurinn *13*
Skipurit 13
Hefðir og hátíðir *13*
Afmæli **13**
Þorrablót **14**
Öskudagur **14**
Útskrift og útskriftarferð **14**
Vinnudagur í Töfraborg **14**
Sumarhátið **14**
Aðventustundir og Jólaball **14**

Velkomin í Gefnarborg

Í *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta-og menningarmálaráðuneytið, 2011) kemur fram að hver leikskóli skuli gera grein fyrir því í skólanámskrá hvernig leikskólinn hyggst vinna að og ná þeim markmiðum sem aðalnámskrá leiskóla setur. Í skólanámskránni á að fjalla um þau gildi sem starf leikskólans byggist á og hugmyndafræðilegar áherslur. Þar á einnig að koma fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið.

Við viljum bjóða barnið og foreldra/forráðamenn þess hjartanlega velkomin í leikskólann og vonum að þið eigið eftir að eiga yndislegar stundir hér í Gefnarborg. Það er ósk okkar að þessi námskrá eigi eftir að veita ykkur innsýn í það nám og starf sem hér fer fram. Í *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta-og menningarmálaráðuneytið, 2011) er hvatt til þátttöku fjölskyldna í leikskólastarfi og áhersla lögð á að fjölskyldan og leikskólinn séu samstarfsaðilar. Í skipulagi starfsins í leikskólanum eigi að taka mið af heildarhagsmunum allra sem að því koma.

Í leikskólanum Gefnarborg leggjum við áherslu á gott samstarf og horfum á okkur sem eina liðsheild.



Gefnarborg

Leikskólinn Gefnarborg var byggður af kvenfélaginu Gefn og tók til starfa 10.júní 1971. Viðbygging var tekin í notkun 1980. Kvenfélagið rak leikskólann til áramóta 1985-1986 en þá keypti Gerðahreppur leikskólann og rak til 1.ágúst 1986. Eftir það var reksturinn boðinn út og hefur verið í einkarekstri síðan. Árið 1999 flutti leikskólinn í nýtt tveggja deilda húsnæði. Fljótlega var byggt tvær nýjar deildir við það húsnæði. Árið 2019 var leikskólinn Gefnarborg stækkaður aftur en þá var bætt við leikskólann tvær deildir sem eru í færanlegu húsnæði. Innra rými var einnig endurhannað. Í dag eru 4 aldursblandaðar deildir sem heita Kátakot, Sælukot, Vinakot og Hálsakot. Stærð leikskólans brúttó í dag er 850,9m².

Fræðsluráð Suðurnesjabæjar

Fræðsluþjónusta Suðurnesjabæjar heyrir undir fjölskyldusvið og starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um grunnskóla nr.91/2008 og reglugerð nr. 584/2010. Fræðsluþjónustan veitir börnum, foreldrum og starfsfólki skóla stuðning með það að markmiði að valdefla skóla í faglegu starfi til að sinna fjölbreyttum þörfum barna á skólaaldri. Þetta er gert með snemmtækri íhlutun, greiningu, ráðgjöf og námskeiðum, eftir því sem við á. Ferli tilvísana til fræðsluþjónustu er unnið í samvinnu við foreldra og kennara.

Samkvæmt innritunarreglum leikskóla Suðurnesjabæjar er miðað við að börn fái leikskólapláss allt frá 18 mánaða aldri og raðast börn á biðlista eftir fæðingarmánuði barns en ekki eftir umsóknardegi. Sérstakur biðlisti er fyrir hvern leikskóla. Aðal innritun er að jöfnu að vori til úthlutunar að hausti þegar nýtt skólaár hefst. Leikskólagjöld eru innheimt samkvæmt gjaldskrá hvers árs. Veittur er systkinaafsláttur vegna systkina sem eru samtímis í leikskóla og fer umsóknaferlið í gegnum vefsíður skólanna. Hægt er að sækja um leikskólavistun um leið og kennitala barns hefur verið skráð í þjóðskrá. Allir foreldrar og forráðamenn, óháð búsetu, hafa rétt til að sækja um leikskólavist í leikskólum Suðurnesjabæjar en lögheimilisflutningur verður að hafa átt sér stað við upphaf leikskóladvalar. Þegar barni hefur verið úthlutað leikskólarými fær foreldri eða forsjáraðili bréf í tölvupósti þar sem farið er fram á að boðið um leikskólavistina sé staðfest hjá leikskólastjóra. Ef foreldri eða forsjáraðili hefur ekki staðfest tilboðið um leikskólavistina með tölvupósti eða símtali við leikskólastjóra innan 10 virkra daga frá því að tilkynningin var send út, er litið svo á að leikskólavistinni sé hafnað. Innritun er alfarið í höndum leikskólastjóra þar sem aðstæður í hverjum leikskóla fyrir sig ráða því hvenær leikskólaganga getur hafist. Þegar tilboð um leikskólavist er staðfest kynnir leikskólastjóri foreldri eða forsjáraðila ferli innritunar í leikskólann.

Að byrja í leikskóla

Aðlögun

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þess. Allt er framandi og ókunnugt. Því er mikilvægt að vel sé staðið að aðlögun í upphafi. Hvernig til tekst í byrjun getur haft áhrif á alla leikskólagöngu barnsins. Meðan á aðlögun stendur kynnist barnið aðstæðum í leikskólanum, starfsfólki og öðrum börnum í leikskólanum, þannig að það öðlast öryggiskennd áður en það verður skilið eftir. Í Gefnarborg taka börn og foreldrar þátt í þátttökuaðlögun.

Þátttökuaðlögun er aðlögun þar sem foreldrar taka virkan þátt í starfi leikskólans á aðlögunartímanum. Miðað er við að foreldrar dvelji með börnunum sínum í þrjá daga og á fjórða degi kveðja börnin foreldra sína að morgni og dvelja þann dag í leikskólanum eins lengi og þeirra viðverutími segir til um. Þá daga sem foreldrar dvelja í leikskólanum eru þau til staðar fyrir börnin sín allan tímann. Á þriðja degi fá foreldrar kynningu á starfi og áherslum leikskólans hjá leikskólastjóra. Þetta fyrirkomulag gefur starfsfólki tækifæri til að læra af foreldrunum hverjar venjur barnsins eru og hvað hentar því best. Einnig er þetta kærkomið tækifæri fyrir foreldra að kynnast hvert öðru og skiptast á skoðunum.

Hagnýtar upplýsingar

Dvalartími

Í Gefnarborg er boðið upp á sveigjanlegan vistunartíma. Hægt er að velja um 4, 5, 6 og 8 tíma. Síðan er hægt að kaupa auka 30 mínútur það er ef foreldrar þurfa að koma með börnin korter fyrir og sækja korter yfir heilan tímann. Ef foreldrar hafa aðrar óskir þá vinsamlega hafið samband við leikskólastjóra.

Opnunartími og mætingar

Leikskólinn er opinn frá kl. 7:45 – 16:15 virka daga. Foreldrar eru beðnir um að virða þann dvalartíma sem þeir hafa samið um. Vegna dagskipulagsins og til að auka öryggiskennd barnanna er mikilvægt að barnið mæti reglulega. Það hefur sýnt sig að þau börn sem mæta reglulega eru ánægðari í leikskólanum og líður þar af leiðandi betur. Ef barnið kemur ekki í leikskólann vegna veikinda eða annarra ástæðna, þá vinsamlegast komið þeim upplýsingum til leikskólans með því að hringja eða senda skilaboð í gegnum Karellen appið. Einnig er nauðsynlegt að foreldrar láti starfsfólk vita þegar komið er með barnið og þegar það er sótt.

Karellen

Karellen fyrir leikskóla er heildstætt upplýsingakerfi sem er hannað fyrir íslenska leikskóla. Kerfið býður upp á fjölbreytta möguleika og er megináherslan á tímasparnað stjórnenda, stuðning við faglegt starf og samskipti við foreldra. Foreldrar hafa aðgang að upplýsingum bæði í gegnum app og vef. Kerfið býður upp á fjölbreytta möguleika í samskiptum. Áhersla hefur verið lögð á að auðvelda upplýsingamiðlun milli heimili og skóla. Lögð hefur verið áhersla á að hafa kerfið einfalt og aðgengilegt í hvaða tæki sem er. Við upphaf leikskólagöngu barnsins geta foreldrar sótt um aðgang að Karellen appinu.

Dvalargjöld

Skilyrði skólavistar eru skilvísar greiðslur á leikskólagjöldum og tengdum gjöldum sem eru innheimt fyrirfram og er gjalddagi 1. hvers mánaðar og eindagi 15. hvers mánaðar. Einstæðir foreldrar og námsmenn geta sótt um að greiða lægra gjald með því að fylla út þar til gerð eyðublöð í Ráðhúsi Suðurnesjabæjar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga. Um meðferð ógreiddra reikninga og innheimtukostnaðar fer skv. gjaldskrá. Vari vanskil gjalda lengur en í 60 daga telst það veruleg vanefnd á samningi þessum. Greiðandi greiðir leikskólagjald og tengd gjöld frá þeim tíma sem nemandinn er skráður í leikskólann. Gjöld skulu greidd þó að nemandi nýti ekki skráðan leikskólatíma sinn vegna orlofa, veikinda eða annarra aðstæðna. Leikskólagjald og tengd gjöld lækka ekki þótt lokað sé vegna námskeiða og fræðslustarfs kennara. Alls eru greidd gjöld skv. samningi þessum í 11 mánuði á ári, en ekki fyrir þann mánuð sem leikskólinn kann að vera lokaður vegna sumarleyfa starfsfólks.
Minniháttar breytingar á vistunartíma nemanda er unnt að gera með samkomulagi við leikskólastjóra fyrir 20.hvers mánaðar og taka þá gildi frá næstu mánaðamótum. Uppsagnarfrestur undirritaðs forráðamanns á leikskóladvöl nemanda er einn mánuður og miðast við næstu mánaðamót eftir uppsögn. Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur. Uppsagnarfrestur greiðanda á greiðsluskyldu sinni er hinn sami.

Fatnaður

Þar sem leikskólinn er vinnustaður barnanna er nauðsynlegt að þau séu í viðeigandi fatnaði. Mikilvægt er að fatnaður barna sé þægilegur. Í leikskólanum er unnið með margskonar efni og alltaf geta orðið óhöpp og því er nauðsynlegt að börn séu í fatnaði sem sjá má á, vinsamlegast takið tillit til þess. Klæðnaður skal ávallt vera í samræmi við veðurfar. Við leggjum mikla áherslu á útiveru og vettvangsferðir í leikskólanum og því er nauðsynlegt að hafa góð útiföt s.s. stígvél, regnföt og hlýjan fatnað. Til að fatnaður glatist ekki er mikilvægt að merkja allan fatnað með nafni barnsins. Aukaföt eru geymd í plastkössum fyrir ofan hólf barnanna. Alltaf þarf að kíkja reglulega í þá kassa og passa upp á að þar sé viðeignandi fatnaður. Ekki er leyfilegt að koma með töskur undir aukaföt barnanna. Útifatnaður og skór mega vera geymd í leikskólanum á virkum dögum en eru tekin heim á föstudögum.Við leggjum mikla áherslu á að þjálfa börnin sem mest í að klæða sig sjálf. Látið því ekki koma ykkur á óvart þótt húfan eða peysan snúi öfugt.

Óskilamunir

Foreldrar eru beðnir um að fylgjast vel með óskilamunum og athuga reglulega hvort eitthvað sé þar sem börnin þeirra eiga. Best er að merkja föt barnanna vel. Hægt er kaupa sérstaka miða til að merkja föt þar sem fram kemur nafn barnsins og símanúmer.

Lögregla og brunavarnir

Fulltrúar frá lögreglunni koma í heimsókn til okkar einu sinni á ári. Þá er spjallað við elstu börnin um ýmislegt er varðar öryggi þeirra í umferðinni. Brunavarnir eru haldnar með reglulegu millibili. Á brunaæfingu er settur reykur inn í leikskólann. Þá fer brunakerfið í gang og við þurfum að rýma húsið. Þetta gefur okkur tækifæri til að þjálfa rýmingaráætlun leikskólans.

Frídagar

Starfsfólk Gefnarborgar á rétt á sex skipulagsdögum á ári. Þessir dagar eru meðal annars nýttir til að skipuleggja, undirbúa og endurmeta starfið, einnig til ýmisskonar endurmenntunar. Leikskólinn er lokaður á skipulagsdögum og eru þeir auglýstir með mánaðar fyrirvara. Leikskólinn er lokaður í fimm vikur á ári vegna sumarleyfa. Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og gamlársdag.

Slys og veikindi

Ef barn meiðir sig í leikskólanum það illa að talin sé þörf á að láta lækni skoða það, þá er strax haft samband við foreldra. Leikskólinn greiðir fyrir fyrstu heimsókn til læknis. Ekki er leyfinlegt að koma með veikt barn í leikskólann. Eins er ekki leyfinlegt að biðja um að börn séu inni ef foreldrar telja að börnin sín séu að verða veik eða að óska eftir því að börnin séu inn eftir veikindi. Ef barn veikist í leikskólanum er haft samband við foreldra og hlúð að barninu þar til foreldrar sækja það. Barni er aldrei gefið verkjalyf í leikskólanum. Það er réttur barnsins að vera heima þegar það er veikt.

Lyfjagjöf

Æskilegt er að foreldrar hagi lyfjagjöf barna sinna þannig að leikskólinn þurfi ekki að bera ábyrgð á henni.

Áföll

Ef barn verður fyrir alvarlegum áföllum s.s. vegna dauðsfalls, alvarlegra veikinda, skilnaður eða þess háttar þá hvetjum við foreldra að láta deildarstjóra barnsins eða leikskólastjóra vita. Það er auðveldlegra að skilja og styðja ef vitneskja um slíkt liggur fyrir. Þess skal getið að allt starfsfólk Gefnarborgar er bundið þagnarskyldu.

Vettvangsferðir

Leikskólinn Gefnarborg er heilsueflandi leikskóli og nýtum við okkur mikið alla þá ósnortru náttúru sem hér má finna í kringum leikskólann. Börnin fara í vettvangsferðir í fjöruna, móann og skoða nærumhverið. Ávallt er fyllsta öryggis gætt, börnin klæðast öryggisvestum og kennarar hafa alltaf síma meðferðis.

Samstarfs leikskóla og heimilis

Eins og hefur komið fram þá leggjum við mikla áherslu á gott samstarf og horfum á okkur sem eins liðsheild. Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl í leikskólanum og góðri líðan barnsins. Hún þarf að byggja á gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum.

Dagleg samskipti

Hin daglegu samskipti sem eiga sér stað þegar verið er að koma með börnin og sækja þau skipta mjög miklu máli. Mikilvægt er af öryggisástæðum að foreldrar láta alltaf starfsmann vita bæði þegar komið er með börnin og þau sótt í leikskólann.

Upplýsingar

Dagleg samskipti og upplýsingastreymi eru mikilvægir þættir til að stuðla að jákvæðu og traustu sambandi milli foreldra og leikskóla. Á heimasíðu leikskólans koma fram almennar upplýsingar um starf leikskólans og þar er einnig sótt um leikskóladvöl. Á facebook og Instagram síðum leikskólans sem eru opnar almenningi eru settar inn myndir sem sýna frá leik barnanna og uppákomum. Hver deild er með lokaða facebook síðu fyrir foreldra þar sem einnig er sýnt frá starfi leikskólans og settar inn tilkynningar og minnt á viðburði. Persónulegum fyrirspurnum er ekki svarað inn á facebook síðum leikskólans, þeim er svarað í einkasamtölum í leikskólanum. Netpóstur frá leikskólastjóra og deildarstjórum sem er sendur á alla foreldra samtímis er einnig póstað á facebook síður deildanna.

Foreldrasamtöl

Tilgangur foreldrasamtals er að veita gagnkvæmar upplýsingar um barnið og framgang þess. Skipulögð foreldrasamtöl eru einu sinni á hvorri önn. Í þessum samtölum hitta foreldrar deildarstjóra barnsins og ræða um líðan og þroska barnins heima og í leikskólanum. Mikilvægt er að foreldrar gefi sér tíma og mæti í foreldrasamtöl þar sem þessi samtöl eru einn þáttur í því að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans. Foreldrar geta alltaf óskað eftir samtali fyrir utan þessi samtöl við deildarstjóra og eins við leikskólastjóra.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Það var stofnað í febrúar 1990. Þegar barn byrjar í leikskólanum verða foreldrar sjálfkrafa meðlimir í því. Markmið þess er að efla tengsl foreldra innbyrðis svo og foreldra og starfsfólks þannig að velferð barna í Gefnarborg verði sem best tryggð. Foreldrafélagið styður einnig árvissa viðburði eins og til dæmis leiksýningar á sumarhátið og í kringum jólin.

Foreldraráð

Þrír foreldrar sitja í foreldraráði leikskólans, formaður og tveir meðstjórnendur. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir um áætlanir sem varða starfsemi hans, sbr. skólanamskrá og starfsáætlun.

Leikskólastarfið

Leikskólastarf á Íslandi byggist á lögum um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla sem tók gildi 2011. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi.
Samkvæmt lögum um leikskóla skal meginmarkmið með uppeldi í leikskóla vera að:

- að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Markmið Gefnarborgar

Við vinnum eftir markmiðum Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 sem byggir á eftirfarandi sex grunnþáttum:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Heilbrigði og velferð
- Sköpun

Börn læra og þroskast í gegnum leikinn, hið daglega starf, eigin upplifanir og með því umgangast önnur börn. Við leggjum áherslu á að efla sjálfstraust og leikgleði barnanna.
Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins í leikskólanum því rannsóknir sýna að börn á leikskólaaldri læra best í gegnum leikinn. Markmið okkar er að gefa frjálsum og sjálfsprottnum leik mikið rými og góðan tíma. Börnin þurfa að hafa ákveðið val og tækifæri til að leika sér á eigin forsendum. Til að ná því fram vinnum við í flæði ákveðna stund á hverjum degi. Í flæði hafa börn tækifæri til að velja sér svæði þar sem þau vilja leika en með því móti hafa börnin meira

svigrúm til að móta það starf sem hér fer fram í leikskólanum. Flæði veitir börnunum færi á að nota styrkleika sína, meiri áhuga á leiknum og þá ná þau betri einbeitingu. Þegar styrkleikar barns verða sýnilegri í leik þá öðlast þau meiri trú á sjálfan sig. Við trúum því að einstaklingur með sterka sjálfsmynd hafi alla burði til að ganga vel í lífinu, sterk sjálfsmynd hefur áhrif á allt sem við tökum okkur fyrir hendur hvort sem það er í leik, námi eða starfi. Því er það mikilvægt að leikskólinn og foreldrar mæti börnum með jákvæðu viðmóti, viðurkenningu og skapi styðjandi umhverfi til að að efla sjálfsmynd þeirra.
Daglegar venjur eru einnig mikilvægur hluti uppeldisstarfsins í leikskólanum. Þar gefast ótal tækifæri til náms og þroska. Við leggjum áherslu á að hver og einn fái að njóta sín sem einstaklingur.

Grunnþættir menntunar

Í Aðalnámskrá leikskóla 2011 kemur fram að grunnþættir menntunar eigi að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag og eigi að vera sýnilegir í öllum námssviðum. Í Gefnarborg fléttast grunnþættirnir inn í allar áherslur starfsins og ná þannig fram heildarsýn skólabragsins.

Læsi

Markmiðið með læsi er að stuðla að því að börnin verði sterkir, sjálfstæðir og virkir einstaklingar sem séu hæfir til að takast á við lífið í hinni fjölbreyttustu mynd. Börnin þjálfist í að eiga góð samskipti við aðra og sýna hvert öðru virðingu. Unnið er að því að efla frumkvæði, áhuga og leikgleði barnanna ásamt því að efla áhuga og færni þeirra í grunnþáttum lesturs. Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til samskipta og því skiptir máli að leggja áherslu á gott málumhverfi í leikskólanum. Til að efla málumhverfið er lögð áhersla á almenna málörvun og fara öll börn í skipulagðar málörvunarstundir þar sem áherslan er að vinna með alla læsisþætti: ***hljóðkerfisvitund, ritun, orðaforða, hlustunar/lesskilning, lesfimi og umskráningu***. Mikil áhersla er lögð á orðaforða sem er mikilvægur grunnur fyrir lesskilning seinna meir. Til að efla markvisst orðaforða er unnið á öllum deildum með aðferð sem nefnist **Orðaspjall**. Í orðaspjallsaðferðinni eru kynntar leiðir til að efla orðaforða hjá börnum í gegnum bókina. Orðaspjall hefur tvö meginmarkmið. Annað er að kennarinn efli skilning hjá börnum með opnum spurningum sem fá börnin til að íhuga innihald sögunnar sem verið er að lesa, draga ályktanir, tala um viðgangsefnið og láta börnin samsama sig við efnið, jafnframt sem sagan heldur áfram. Hitt markmiðið er að efla markvisst orðaforða hjá börnunum. Fyrir utan skipulagðar málörvunarstundir er lögð áhersla að lesa fyrir börnin í öllum þeim stundum sem gefast, bækur eru sýnilegar á öllum deildum og hafa börnin greiðan aðgang að þeim.

Íslenskukennsla fyrir börn sem eiga fleiri en eitt móðurmál

Í Gefnarborg hafa ávallt verið síðustu árin fjöldi barna sem eiga fleiri en eitt móðurmál og ber samfélagið í Garði sterkan keim af fjölmenningarsamfélagi. Móðurmál er dýrmætt og það er undirstaða annars tungumálanáms, það er þó ekki bein tenging á milli kunnáttu í móðurmáli og öðru tungumáli. Það sem skiptir mestu máli er ílagið í hvoru máli fyrir sig. Rannsóknir sýna að að því yngri sem börn flytja til annarra landa eða hefja nám á öðru tungmáli því lengur eru þau að ná kunnáttu í báðum málunum, því máltaka á sér stað á tveimur málum en ekki einu. Með þessa vitneskju að leiðarljósi og upplifa þörfina hjá þeim börnum sem eiga fleiri en eitt móðurmál til að ná færni í íslensku máli er leikskólinn með 87,5% starfshlutfall til að sinna íslensku kennslu barna í leiskólanum. Sérkennslustjóri leikskólans ber ábyrgð á því að

skipleggja íslenskukennslu fyrir tvítyngd börn í leikskólanum. Markmiðið með íslenskukennslunni er að leggja áhersla á að ná góðum tengslum við börnin, mynda traust svo þeim líði vel og njóti sín í leikskólanum. Áhersla er lögð á að efla orðaforða og málskilning barnanna. Námsefni sem notuð eru taka mið af aldri og getu barnanna. Ávallt hefur verið markmið að upplýsa og fá foreldra í lið með okkur. Hefur það verið gert í gegnum kynningarfundi og foreldrasamtölum með túlki. Eins í verkefnum sem samkvæmt hugmyndafræði LAP flétta fjölmenningu saman við allt daglegt starf og samstarf milli heimilis og leikskóla. Linguistically Appropriatee Practice (LAP) er hugmyndafræði frá Kanada og höfundur hennar heitir Roma Chumak – Horbatsch. Lykilþráðurinn í þeirri hugmyndafræði er að viðurkenna móðurmáls hvers og eins og að líta á það sem styrkleika fremur en veikleika. Hefur leikskólinn haft þessa hugmyndafræði að leiðarljósi í samstarfi sínu við heimilin.

Sjálfbærni

Markmið með sjálfbærni er að við gerum okkur grein fyrir mikilvægi þess að skila jörðinni ekki í síðra ástandi en við tókum við henni og gera okkur grein fyrir hvernig hegðun okkar getur haft áhrif á umhverfið. Gefnarborg er Grænfánaskóli sem merkir að leikskólinn er þátttakandi í alþjóðlegu verkefni sem vinnur að því að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Endurnýja þarf umsókn á tveggja ára fresti til að skóli geti kallast Grænfánaskóli. Áhersla er lögð á að börnin kynnist sínu nærumhverfi og átti sig á að þau öll geti haft áhrif á að móta það umhverfi sem við búum með virkni sinni. Börnin fara í vettvangsferðir og vinna ýmis verkefni sem tengjast nærumhveri þeirra. Á samt tíma læra þau að skilja og virða náttúruna og átta sig á því að þau búa í sambýli við náttúruna og eru hluti af henni. Þetta hjálpar þeim að skilja að þau verða að hugsa vel um náttúruna og geta ekki tekið henni sem sjálfgefinni. Þau þróa með sér samkennd og vilja til að hlúa að náttúrunni til frambúðar.

Heilbrigði og velferð

Markmiðið með heilbrigði og velferð er að hlúa að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð barna og starfsfólks. Í leikskólanum er lögð áhersla á jákvæðan skólabrag, hollt mataræði, hvíld og góða hreyfingu. Leitast er við að búa börnunum öruggt, þroskavænlegt og fjölbreytt umhverfi þar sem hver og einn fær tækifæri til að njóta sín á eigin forsendum. Virðing og jákvæð samskipti eru höfð að leiðarljósi í daglegu starfi. Hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan. Lögð er áhersla á að öll börn fari út að minnsta kosti einu sinni á dag. Skipulagðar vettvangsferðir eru farnar reglulega og leitast við að skoða og nýta allt það sem nærumhverfið hefur upp á að bjóða. það eru ákveðin forréttindi sem leikskólinn býr við að hafa alla þessa ósnortu nátttúru í kringum sig og sem er í göngufæri fyrir alla aldurshópa leikskólans. Við minnum hvert annað á reglulega hversu heppin við öll erum að búa við þetta fjálsræði og að getað notið þessarar dásamlegu og fjölbreyttu náttúru allt í kringum okkur. Það er langur vegur frá því að öll leikskólabörn geti sem dæmi gengið út í móa, fjöruna og komist í kynni við dýr eins og hesta, kindur og hænur sem búa hér allt í kringum okkur.
Leikskólinn er búinn að vera heilsueflandi leikskóli síðan skólaárið 2016 - 2017. Leikskólinn hefur hægt og sígandi verið að innleiða þá átta lykilþætti sem lagt er til að heilsueflandi leikskóli leggi inn. Lykilþættirnir í þessu verkefni eru *hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk.* Allir þessir þættir eru að birtast í okkar daglega starfi.

Lýðræði og mannréttindi

Markmið með lýðræði og mannréttindum er að allir einstaklingar fái notið sín á eigin forsendum, að hæfileikar hvers og eins fái að blómstra og allir finni að fleiri geta haft áhrif. Lögð er áhersla á að börnin læri að bera virðingu fyrir margbreytileika mannkynsins, sjálfum sér, öðrum og umhverfinu í kringum sig. Öllum börnum líði vel og finni að þau eru velkomin og þau geti leikið og hlegið á sínum eigin forsendum. Lýðræði snýst um samvinnu og að taka þátt. Lýðræði ríkir í frjálsum leik í leikskólanum þar sem börnin geta valið sér sjálf viðfangsefni og leikfélaga. Börnin fá í auknum mæli að taka þátt í ákvörðunum og komast að sameiginlegri niðurstöðu s.s. hvað skuli gera, hvernig og hvert skuli farið. Áhersla er lögð á að kennarar séu duglegir að hlusta á börnin og það sem þau hafa að segja. Kennarinn á ávallt að vera góð fyrirmynd, því það læra börnin sem fyrir þeim er haft. Í flæði þar sem börn hafa tækifæri til að velja sér svæði þar sem þau vilja leika hafa þau meira svigrúm til að móta það starf sem hér fer fram í leikskólanum. Flæði veitir börnunum færi á að nota styrkleika sína, meiri áhuga á leiknum og þá ná þau betri einbeitingu.

Jafnrétti

Í jafnrétti felst að allir hafi jafnan rétt óháð búsetu, fötlun, kyni, kynhneigð, litarhætti, lífsskoðunum, menningu, stétt, trúarbrögðum, tungumálum, ætterni eða þjóðerni. Í leikskólanum er lögð áhersla á að allir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, hafi sama rétt og að öll börn hafi aðgang að sama kennslu-, náms- og leikefni. Við lítum á margbreytileikann sem tækifæri og með því mikla fjölmenningarstarfi sem fram fer í leikskólanum er stuðlað að því að allir hafi sama rétt og sömu tækifæri. Í daglegu starfi er börnunum kennt að bera virðingu fyrir hvert öðru og að ekki séu allir eins. Í leikskólanum er frjálsum leik gefinn góður tími en þar geta allir fundið leikefni við sitt hæfi. Öll börn eru hvött til að taka þátt í þeim leikjum sem fram fara í leikskólanum.

Sköpun

Sköpun er mikilvægur þáttur í tjáningu, frelsi og hugmyndaauðgi barna. Í Gefnarborg er lögð sérstök áhersla á að skapa umhverfi sem eflir fjölbreytta sköpun bæði úti og inni. Við leggjum áherslu á að börnin fái fjölbreyttan efnivið og læri um meðhöndlun ýmissa áhalda. Tvö rými er leikskólanum sem eru ætluð fyrir listsköpun. Annað er staðsett á milli deildanna Kátakots og Sælukots og hitt er staðsett í Miðju húsins. Í þessum rýmum hafa börnin aðgang að ýmiskonar efnivið sem örvar sköpunargleði þeirra og eins hafa þau tækifæri til að þróa sköpunarverk sín. Okkur þykir mikilvægt að börnin nýti vettvangsferðir til að sækja sér efnivið út í náttúrunni og vinni síðan út frá sínum eigin hugsunum með þann efnivið. Í vettvangsferðum er einnig markmiðið að hlusta á hvernig börnin upplifa náttúruna og á sama tíma er börnunum bent á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir náttúrunni.

Daglegt líf í leikskólanum

Dagskipulag

Kátakot og Sælukot

07:45 – 08:20 Frjáls leikur
08:20 – 09:00 Morgunverður
09:00 – 10:40 Frjáls leikur/málrækt/útivera
10:40 – 11:15 Undirbúningur fyrir hádegisverð og samverustund
11:15 – 12:00 Hádegisverður
12:00 – 13:30 Hvíld og samverustund
13:30 – 14:30 Frjáls leikur
14:30 – 15:00 Síðdegishressing
15:00 – 16:15 Frjáls leikur

Vinakot og Hálsakot

07:45 – 08:20 Frjáls leikur
08:20 – 09:00 Morgunverður
09:00 – 10:00 Frjáls leikur og málrækt
10:00 – 12:00 Flæði/útivera
12:00 – 13:00 Hádegisverður
13:00 – 13:30 Hvíld og Frjáls leikur
13:30 – 14:20 Frjáls leikur
14:20 – 15:00 Sídegishressing
15:00 – 16:15 Frjáls leikur/útivera

Frjáls leikur

Frjálsi leikurinn fær mjög gott rými og mjög góðan tíma. Leikurinn opnar börnunum sýn á lífið og tilveruna. Í gegnum leikinn aflar barnið sér þekkingar og þjálfar með sér ýmis konar færni í samræmi við þroska sinn og vinnur úr eigin reynslu. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er sköpun og í leiknum endurspeglast þarfir barnanna og upplifanir. Börn læra að vinna saman, taka tillit hvert til annars, sýna frumkvæði, uppgötva og sjálfstraust þeirra eflist. Áhersla er lögð á leikgleði barnanna, sjálfstraust og að þau fái að vera börn og njóta bernsku sinnar. Eins er lögð áhersla á að flæðið í leiknum sé samfelt til að leikurinn megi ná að þróast.

Hlutverk leikskólakennara og annars starfsfólks í leik barnanna

Í *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta-og menningarmálaráðuneytið, 2011) kemur fram að leikskólakennarar skuli styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt og nota ólíkar aðferðir til þess, allt eftir þörfum barnanna. Það er mikilvægt að starfsfólk þekki barnið vel, bæði styrk- og veikleika þess, áhuga, hæfni og þroska. Ef þessi þekking er til staðar er hægt að styðja barnið vel og betur. Til að ná fram þessum markmiðum eru gerðar athuganir á leik barna og skráð niður hvernig barnið nálgast leikinn og hvaða hlutverk það hefur í leiknum, hvernig samskiptin eru við önnur börn og hvernig leikurinn þróast. Rýnt er í skráningar í rýnihópum og þannig er hægt að átta sig betur á þroska hvers barns og eins að skapa hvetjandi umhverfi sem eflir allan almennan þroska hjá barni. Með þessu móti verður starfsfólk einnig öruggar um hvenær þörf er á afskiptum þess í leik barna og hvenær það er mikilvægt að læða inn efniviði til að glæða leikinn. Það er ávallt hlutverk starfsfólks að vera til staðar en einnig á

sama tíma að vera meðvitað um að trufla ekki flæði leiksins. Þarna á milli er fín lína sem starfsfólk þarf að vera meðvitað um.

Samverustundir

Samverustundir er oftast nær fyrir hádegismat inni á deildunum. Þar fer fram lestur, söngur, umræður, fræðsla og fleira. Oft eru einnig sameiginlegar samverustundir í Töfraborg. Þær eru mjög fjölbreyttar, ýmsar uppákomur sem dæmi leikrit, leikir og jólastundir.

Hvíld og svefn

Hvíld er nauðsynleg börnum sem dvelja stóran hluta dagsins í leikskólanum. Í hvíld er áhersla lögð á að skapa rólegt andrúmsloft þar sem lesin er saga eða hlustað á tónlist. Öll börn fá tækifæri til að sofa og fer það eftir ósk og þörfum hvers barns.

Viðvera barnsins í leikskólanum

Við leggjum áherslu á að allir finni sig velkomna í leikskólann bæði börn og foreldrar. Ef aðrir en foreldrar/forráðamenn sækja barnið ber að láta deildarstjóra vita. Börn yngri en 14 ára mega ekki koma með eða sækja barnið í leikskólann. Foreldrar/forráðamenn eru ávallt velkomnir að fylgjast með starfi barna sinna í leikskólanum en taka skal fram að þeim ber að virða þagnarskyldu.

Matmálstímar

Mikil áhersla er lögð á góðan, hollan og fjölbreyttan mat í leikskólanum. Boðið er upp á morgunverð, hádegisverð og síðdegishressingu í leikskólanum. Matur er keyptur hjá Skólamat ehf. sem sérhæfir sig í framleiðslu á ferskum og hollum mat fyrir börn í leik- og grunnskólum. Við leikskólann starfar matráður og aðstoðarmatráður sem sjá um að hita og framreiða matinn. Boðið er upp á ávexti í öllum matmálstímum og eins fá börnin ávexti á milli máltíða á morgnana og í lok dags.

Elstu börnin

Á síðasta ári barnanna í leikskólanum er áfram er lögð áhersla á að efla allan málþroska í gegnum læsisiþættina: *hljóðkerfisvitund, ritun, orðaforða, hlustunar/lesskilning, lesfimi og umskráningu*. Samhliða því er áhersla lögð á að efla sjálfstraust, sjálfsmynd, samvinnu og sjálfstæði í vinnubrögðum. Börnin þjálfast í framkomu með því að koma upp og tjá sig við púlt fyrir framan félaga sína þar sem þau ræða það sem þeim liggur á hjarta. Börnin fara í reglulegar heimsóknir í Gerðaskóla, bókasafnið og tónlistarskólann. Í lok annarinnar fara börnin í útskriftarferð og útskrift er haldin þar sem foreldrum/forráðamenn eru boðin velkomin.

Samstarf Gefnarborgar og Gerðaskóla

Við leggjum mikla áherslu á gott samstarf við Gerðaskóla því við teljum mikilvægt að samfella sé í námi barna og að þau finni fyrir öryggi og vellíðan gagnvart skólaskiptunum. Einnig er tilgangur samstarfsins að byggja upp gagnkvæman skilning og þekkingu á starfi kennaranna á hvoru skólastigi og leggja drög að farsælu áframhaldandi skólagöngu með áherslu á að auka sjálfstraust barna og styðja við nám þeirra. Til að ná þessum markmiðum hafa elstu börnin í Gefnarborg farið í reglulegar heimsóknir í alla bekki grunnskólans og tekið þátt í mörgum námsgreinum sem kenndar eru við Gerðaskóla. Einnig hafa þau farið í heimsókn í bókasafnið og Skólasel. Nemendur í 1.bekk Gerðaskóla hafi einnig komið í heimsókn í leikskólann. Elstu

börn leikskólans taka einnig þátt í árshátið Gerðaskóla á hverri vorönn. Deildarstjóri elstu barnanna í Gefnarborg og kennarar 1.bekkjar í Gerðaskóla funda í byrjun hvers skólaárs og leggja drög að samstarfi fyrir komandi skólaár.

Mat á leikskólastarfi

Innra mat í leikskóla

Samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla 2011* er innra mati ætlað að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og einnig að vera liður í þróun skólastarfs í leikskólanum. Hver leikskóli þróar sínar leiðir til að afla gagna og styðst við fjölbreyttar matsaðferðir sem taka mið af starfsaðferðum leikskólans. Í lok hvers skólaárs metur starfsfólk hvernig gekk að fylgja eftir starfsáætlun þess árs. Á þessum tímapunkti er einnig lögð drög að nýrri starfsáætlun fyrir komandi skólaár. Mannauðsmælingar eru gerðar í hverjum mánuði á meðal starfsmanna sem hjálpar stjórnendum að bregðast skjótt við breyttum aðstæðum og auka þar með virkni starfsmanna. Starfsmannasamtöl fara fram einu sinni á hvorri önn. Deildarstjórar/starfsmannastjóri taka starsmannasamtöl á haustönn og leikskólatjóri á vorönn. Mat foreldra fer fram í foreldrasamtölum og eins svara foreldrar könnun um starfið annað hvert ár. Umræður við börnin um starf leikskólans og líðan þeirra fer fram í skipulögðum málræktarstundum og samverustundum.

Ytra mat í leikskóla

Ytra mat á skólastarfi er unnið á vegum utanaðkomandi aðilum. Nefnd í umboði þess sveitarfélagas sem leikskólinn starfar í hefur eftirlit með því að starfsemi leikskólans samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lög um leikskóla, reglugerðir og aðalnámskrá kveða á um.

Mat á stöðu leikskólabarna

Ef grunur vaknar um frávik í þroska barns hjá foreldrum eða starfsfólki ber þeim í sameiningu að skoða það sérstaklega. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á því samstarfi og einnig að gerð einstaklingsnámskrá ef til þess kemur þar sem þjálfunaráætlun er sett upp fyrir einstakling. Leikskólinn hefur aðgang að ýmsum sérfræðingum fræðsluþjónustu Suðurnesjabæjar s.s. talmeinafræðingi, sálfræðingi og hegðunarráðgjafa.

Matsaðferðir á þroska og hegðun barnanna í Gefnarborg eru:

- Málþroskaprófið Hljóm – 2 er lagt fyrir elsta árgang á haustönn.
- Málþroskaskimun EFI2 er lagt fyrir öll börn á fjórða ári.

Listi um mikilvægar bakgrunnsupplýsingar tví- eða fjöltyngdra barna er lagður fyrir foreldra í upphafi leikskólagöngu barna þeirra. Listi þessi er lagður fyrir þegar foreldrasamtöl eiga sér stað á haustönn.

Eftirfarandi matsblöð eru notuð eftir þörfum:

- Íslenski þroskalistinn
- Smábarnalistinn
- Málþroskaprófið Orðaskil
- Ofvirknikvarði fyrir 4 ára og eldri
- Athyglisbrestur barna fyrir 4 ára og eldri
- Hegðun á heimili fyrir 4 ára og eldri sem foreldrar fylla út ef um hegðunarerfiðleika er að ræða

Starfsmannahópurinn

Starfamannahópurinn starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla og öðrum þeim lögum sem við eiga auk Aðalanámskrá leikskóla 2011.

Skipurit



Hefðir og hátíðir

Í íslensku þjóðlífi eru ýmsar hefðir og hátíðir sem börnin taka þátt í. Í leikskólanum okkar hafa líka skapast ýmsar hefðir og hátíðir.

Afmæli

Afmælisdagur er stór dagur fyrir barnið. Það fær kórónu sem barnið skreytir sjálft. Það fær að vera sérlegur aðstoðarmaður þennan dag, fer með starfsmanni og velur ávöxt til að bjóða upp á í samverustund. Í samverustund er afmælissöngurinn sunginn og það fær að velja leik. Í matsal fær barnið myndskreyttan disk sem það notar þennan dag. Ekki er leyfinlegt að koma með neitt matarkyns að heiman þennan dag.

Þorrablót
Í byrjun þorra höldum við þorrablót, við fræðumst um gamla tímann og fáum að smakka þorramat.

Öskudagur
Á öskudag mætum við í furðufötum í leikskólann og sláum köttinn úr tunnunni. Að því loknu dönsum við og höfum gaman.

Útskrift og útskriftarferð
Á hverju vori er hópur barna á þeim merku tímamótum að hætta í leikskóla og byrja í grunnskóla á nýju skólaári. Af þessu tilefni er haldið útskriftarhóf í lok maí. Ef veður leyfir fer útskriftin fram í Töfraborg. Börnin taka þátt í að undirbúa útskriftina með því að útbúa sérstaka hatta. Börnin fá einhvern glaðning til minningar um leikskóladvölina. Foreldrum og aðstandendum er boðið í útskriftarhófið. Fyrir útskriftina fara börnin í útskriftarferð, stundum er farið í Húsdýragarðinn, sveitaferð eða eitthvað álíka skemmtilegt.

Vinnudagur í Töfraborg
Einn dag að loknum skóladegi og fyrir sumarfrí koma börn, starfsfólk og foreldrar og vinna saman í Töfraborg. Þá mæta allir sem hafa tök á því og leggja hönd á plóg við tiltekt, smíðar, gróðusetningu, mála og bera á. Áhersla er lögð á að vinna með verðlausan efnivið. Vinnudagurinn er frá kl. 16:15 – 20:00 og foreldrum er frjálst að koma með börnunum sínum þegar þeim hentar á þessum tíma. Boðið er upp á grillaður pylsur og meðlæti meðan á vinnudeginum stendur.

Sumarhátið
Áður en leikskólinn fer í sumarfrí er haldin sumarhátið. Þá grillum við og borðum úti og bjóðum upp á fjölbreytt og skemmtileg svæði sem kennarar og börn skipuleggja. Foreldrafélagið býður einnig upp á leiksýnngu þennan dag.

Aðventustundir og Jólaball
Aðventustundir fara fram í Töfraborg. Deildirnar skiptast á halda þær. Við kveikjum á aðventukertunum, syngjum og fáum okkur heitt kakó. Jólaballið er einnig haldið í Töfraborg, þá dönsum við í kringum lifandi jólatré sem síðan er gróðursett í Töfraborg á vorin. Á jólaballið kemur einnig alltaf óvæntur gestur í boði foreldrafélagsins.

Vinarkveðja með ósk um gott samstarf frá öllum í Gefnarborg